

Ed.

820. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

2. málsg. 62. gr. laganna orðist þannig:

Sjóðfélagar í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands samkvæmt lögum nr. 10 15. apríl 1928, sjóðfélagar í eftirlaunasjóði Búnaðarbanka Íslands og sjóðfélagar í eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands skulu undanþegnir iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Ef sjóðfélagi missir félagsréttindi sín, ábyrgist eftirlaunasjóður fulla greiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands á fjárhæð þeirri með vöxtum og vaxtavöxtum, er þeim manni hafði borið að greiða til Lífeyrissjóðs Íslands, ef hann hefði ekki notið þessarar undanþágu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um alþýðutryggingar frá 1937 er starfsmönnum Landsbankans og Útvegsbankans, þeim sem eru sjóðfélagar í eftirlaunasjóðum þeirra banka, veitt undanþága frá iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Nú hafa starfsmenn Búnaðarbanka Íslands komið sér upp eftirlaunasjóði, og virðist sjálfsagt, að þeir njóti sömu réttinda og starfsmenn hinna bankanna.